

## FOSSVOGSSKÓLI OG SKÓLAHVERFI

Fossvogsskóli var fyrst settur 9. október 1971. Skólinn er hverfisskóli fyrir 6 – 12 ára börn í Blesugrófar- og Fossvogshverfi. Skólinn er staðsettur í fallegu umhverfi í Fossvogsdalnum og eru greiðar gönguleiðir frá skólanum í Elliðaárdalinn og í Nauthólsvíkina sem eru ein fallegustu útivistarsvæði Borgarinnar.

Skólinn hefur þróað einstaklingsmiðað nám í anda opna skólans. Áhersla er lögð á að koma til móts við mismunandi þarfir, hæfileika og áhuga hvers og eins. Með áætlunum eru nemendur þjálfaðir í að bera ábyrgð á eigin námi, auka sjálfstæði þeirra og efla frumkvæði. Þeir geta valið sér viðfangsefni og verða því virkari. Ein leið af mörgum til að auka einstaklingsmiðað nám og efla samvinnu og samkennd nemenda er að blanda árgöngum saman. Það er aðallega gert á valsvæðum og á sal eða samverustundum.

Einkunnarorð skólans eru:

**...vertu til að leggja hönd á plóg...**

Stofnár	Gerð	Stærð	Fjöldi nemenda 2009	Heildarfjöldi íbúa	Heildarfjöldi íbúða
1971	1.-7. bekkur	3.906m <sup>2</sup>	313	3.773	1.478

### NEMENDAFJÖLDI OG SPÁ


Skráðir nemendur	Spá um nemendafjölda næstu 5 ár						Fjöldi	Ár
	2010	2011	2012	2013	2014	2014		
2009	2010	2011	2012	2013	2014	Flestir	748	1976
313	292	291	285	289	284	Fæstir	280	1990

### ÝMSAR STAÐTÖLUR UM HVERFIÐ

	Fossvogsskóli 2009	Reykjavík 2009
Skil á barnafjölda í hverfi	101%	95,3%
Hlutfall nemenda af íbúafjölda hverfis	12%	12%
Fjöldi nemenda í íbúð	0,31	0,38
Hlutfall íbúða í fjölbýli	56%	80%

### LÍÐAN OG NÁM

#### Nemendur í 5. – 7. bekk



Líður *alltaf* eða *oftast* vel í kennslustundum


Námið	2005	2006	2007	2008	2009	Reykjavík 2009
Talnalykill/þurfa stuðning			7%	7%	8%	8,8%
Lesskimun/geta lesið sér til gagns	68%	81%	74%	89%	77%	69%
<b>Samræmd próf; framfarastuðull II*</b>						
Íslenska; 7.bekkur	1,04	1,00	0,97	1,03	1,01	
Stærðfræði; 7. bekkur	1,02	1,09	0,93	1,02	1,00	

\*Framfarastuðull gefur vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því að árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Framfarastuðull II byggir einungis á þeim nemendum sem þreyta bæði prófin í sama skóla. Talan 1,00 merkir „venjulegar framfarir nemenda“. Tölur 0,94 eða lægri og 1,06 eða hærri benda til mikilla breytinga á stöðu nemendahópsins.

## STARFSFÓLK

	2005	2006	2007	2008	2009	Reykjavík 2009
Fjöldi stöðugilda	43	45	41	40	40	2.033
Hlutfall stöðugilda kennara	68%	66%	69%	64%	69%	62,3%

### Ánægja með starfið almennt



## VIÐHORF FORRÁÐAMANNA

### Ánægja með skólann almennt

